

Aðalfundur SBU 1.mars 2013

Fundarstjóri: Halldór Valdimarsson

Fundarritari: Óskar Þór Þráinsson

Mættir á fundinn 6 félagsmenn auk stjórnar og tveggja starfsmanna skrifstofu, samtals 13.

Almenn fundarstörf:

- 1 Skýrsla stjórnar
 - Sveinn kynnti skýrslu stjórnar og reifaði helstu málefni
 - Skýrsla samþykkt einhljóða
- 2 Reikningar félagsins
 - Erna kynnti endurskoðaða reikninga SBU
 - Ársreikningur SBU 2012 samþykktur samhljóða
 - Ársreikningur Vísindasjóðs SBU 2012 samþykktur samhljóða
 - Ársreikningur kjaradeilusjóður SBU 2012 samþykktur samhljóða
- 3 Lagabreytingar
 - Tillaga um lagabreytingu 6.gr. Sveinn kynnti.

Greinin hljóðar nú svo:

6. gr. Verkefni stjórnar

Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Fundi skal halda eins oft og þörf krefur. Einnig skal boða til fundar ef a.m.k. einn stjórnarmaður æskir þess og skal hann haldinn innan viku. Stjórnin fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og fylgir eftir lögum félagsins og er málsvari þess útávið.

Stjórnin gætir þess að lögum og samþykktum félagsins sé framfylgt og að kjarasamningar þess séu haldnir.

Tillaga að breytingu (feitletrað):

Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Fundi skal halda eins oft og þörf krefur. Einnig skal boða til fundar ef a.m.k. einn stjórnarmaður æskir þess og skal hann haldinn innan viku. Stjórnin fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og fylgir eftir lögum félagsins og er málsvari þess útávið.

Félagið styrkir verkefni sem stuðla að framgangi stéttarinnar, eitt verkefni á ári, allt að 200.000 krónur. Stjórn auglýsir eftir styrkbeiðnum og úthlutar styrk.

Stjórnin gætir þess að lögum og samþykktum félagsins sé framfylgt og að kjarasamningar þess séu haldnir.

- Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- 4 Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og ákvörðun um félagsgjöld og önnur gjöld

- Erna kynnti fjárhagsáætlanir.
 - Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða
- 5 Kosning stjórnar sbr. 5. gr.
- Sigrún Guðnadóttir bauð sig fram til formanns.
 - Sigrún sjálfkjörin
 - Kosning stjórnar. Óskar Þ., Sveinn buðu sig fram til áframhaldandi setu. Óskar veik úr stjórn. Sigríður Bjarnadóttir bauð sig fram til stjórnar.
 - Stjórn sjálfkjörin
- 6 Kosning tveggja stjórnarmanna reikninga
- Vísað til fyrsta fundar nýrrar stjórnar.
- 7 Kosning í nefndir og til annarra trúnaðarstarfa innan félagsins
- Ekki borist til fundar
- 8 Tillaga til aðalfundar varðandi verkfallssjóð
- Sveinn reifaði heimild til fasteignakaupa
 - Tillaga til aðalfundar SBU, haldinn 1. mars 2013.

Stjórn félagsins er heimilt að nota allt að 9 milljónir úr verkfallssjóði til fasteignakaupa.

Reifun:

Verkfallssjóður félagsins taldi um 10 milljónir fyrir hrun en geymir nú um 18 milljónir. Langt er síðan hætt var að borga inn í hann og eru allar þessar tekjur vaxtatekjur og verðbætur.

Fyrir kjarasamninga 2011 kannaði félagið hver vilji félaga væri til aðgerða og kom í ljós að verkfall er þar mjög neðarlega á blaði, enda ekki talið líklegt til kjarabóta.

Þetta fé er þess vegna ekki að nýtast félaginu eins og er, og má gera ráð fyrir að greitt verði í sjóðinn ef og þegar verkfallshugur verður aftur hjá okkar fólki. Það ávaxtast mjög lítið um þessar mundir.

Félagið leigir um þessar mundir hluta af skrifstofuaðstöðu hjá Fræðagarði á 3. hæð í Borgartúni 6 en vill koma upp eigin aðstöðu til vinnu stjórnar og til þess að halda litla fundi, eitt eða með öðrum.

Þetta fé myndi nýtast félaginu mun betur í formi eigin fasteignar. Félagið er nú að taka til sín fleiri starfsþætti og þarf aðstöðu til þess. Við núverandi aðstæður er líklegt að ávöxtun fjárens verði betri með þessu móti.

- Samþykkt einhljóða
- 9 Umfjöllun um starfpróunarsetur
- Tillaga að Starfspróunarsetur Háskólamanna verði kynnt betur fyrir félagsmönnum SBU.
- 10 Óskar Guðjónsson, fráfaramandi stjórnarmanna tók til máls
- Óskari fagnað og þakkað fyrir góð störf í þágu félagsins.